



Framkvæmda- fréttir 14. tbl. /04

Kynningarfundur með verktökum, og eftirlitsráðgjöfum

Vegagerðin býður verktökum og eftirlitsráðgjöfum á kynningarfund um vinnustaðamerkingar og undirbúning að kröfum Vegagerðarinnar til gæðastjórnunar í framkvæmdum.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Loftleiðum, Reykjavík, þriðjudaginn 25. maí 2004 kl.10:00 - 12:00 .

Fundarstjóri verður Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs.

Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri kynnir væntanlegar aðgerðir Vegagerðarinnar í vinnustaðamerkingum og undirbúning að kröfum Vegagerðarinnar til gæðastjórnunar í framkvæmdum.



Björn Ólafsson, forstöðumaður þjónustudeildar kynnir eftirlit og meðferð mála vegna vinnustaðamerkinga

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur - Lækjargata, eftirlit 04-049

Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirlit með breytingum á Reykjanesbraut í Hafnarfirði milli Álftanesvegur og Lækjargötu. Í verkinu felast m.a. endurbætur á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns, endurnýjun Lækjargötu milli Hringbrautar og Reykjanesbrautar ásamt aðlögun við aðliggjandi götur. Einnig gerð nýrra undirganga undir Lækjargötu og Reykjanesbraut ásamt breytingum á þrennum eldri göngum.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. nóvember 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfni og verðs. Ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 17. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. júní 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 15. júní 2004 klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Ingvi Árnason, deildarstjóri kynnir helstu reglur um merkingu vinnustaða

Að fundinum loknum verður hádegisverður í boði Vegagerðarinnar Þátttaka tilkynnist í síma 522 1000 í síðasta lagi föstudaginn 21. maí 2004.

Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing 04-046

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing“.

Helstu magntölur eru:

- Einöld klæðing með flokkaðri mól 94.000 m²
- Tvööld klæðing með flokkaðri mól, nýlögn 12.500 m²
- Efra burðarlag 6.700 m²
- Smáviðgerðir 4.000 m²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2004. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. júní 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004 04-008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá. Heildarlengd kafla er 0,8 km.

Helstu magntölur eru:

- Fyllingar og fláar 9.750 m³
- Burðarlag 2.100 m³
- Malarslitlag 500 m³

Verki skal að fullu lokið 15. október 2004. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. júní 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 14. tbl. 12. árg. nr. 371 17. maí 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Ræða samgönguráðherra á alþjóðaheilbrigðisdeginum 7. apríl

Í 12. tbl. Framkvæmdafrétta var frétt um að alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl hefði verið tileinkaður umferðaröryggi og markaði upphaf alþjóðlegs umferðaröryggisárs. Af því tilefni var gefin út skýrslan „Afbrot í umferðinni“ og haldinn samráðsfundur í húsnæði Björgunarmiðstöðvarinnar við Skógarhlíð. Um áramótin voru umferðaröryggismál ferð til samgönguráðuneytis í stjórnsýslunni og á þessum fundi hélt Sturla Böðvarsson samgönguráðherra ræðu til að kynna stefnu sína í þessum málaflokki. Ræðan er birt hér í heild.

Samgönguráðuneytið og öryggismálin

Nú um áramótin tók samgönguráðuneytið við umferðarmálum og þar með umferðaröryggismálum úr hendi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Það er óhætt að segja að mikill áhugi hafi verið fyrir málaflokkinum innan samgönguráðuneytisins um langa hríð. Og af hverju skyldi það nú vera, - jú, vegna þeirra möguleika sem við sáum fyrir okkur með samnýtingu á kröftum Vegagerðarinnar annars vegar og Umferðarstofu hins vegar, til sameiginlegs átaks í umferðaröryggismálum, auk þeirrar reynslu sem er innan ráðuneytisins af öryggismálum í flugi og á sjó. Með þessari breytingu falla öll öryggismál umferðar undir samgönguráðuneytið.

Óásættanleg staða – Við getum breytt þessu

Á hverjum degi eru framin afbrot í umferðinni. Það er óásættanlegt að á Íslandi láti jafnmargir lífið, eða slasist alvarlega í umferðinni og raun ber vitni um. Á þriðja tug banaslysa er tala sem við erum orðin vön þegar árið er gert upp - það er tala sem við eigum ekki að setta okkur við. Og við hana bætast svo um 200 alvarleg slys. Þessu getum við breytt og verðum að breyta.

Það er talið að umferðarslys kosti þjóðfélagið 20 milljarða króna á ári. Því getum við breytt.

Það er ljóst að þær umferðaröryggisaðgerðir, sem gripið hefur verið til á höfuðborgarsvæðinu, hafa skilað sér í ánægjulegri fækkun alvarlegra slysa. Aðgerðir eins og lækkaður hámarks hraði í íbúðahverfum, gangbrautir yfir stórar umferðaræðar, mislæg gatnamót, aðgreining gagnstæðra akbrauta o.fl. Árangur, sem náðst hefur á höfuðborgarsvæðinu, rennir styrkari stoðum undir þá ákvörðun mína að taka til hendinni á þjóðvegum landsins. Þar með er ekki sagt að slakað verið á í þéttbýlinu, en staðreyndin er sú að meginþorri alvarlegra umferðarslysa á sér stað orðið úti á þjóðvegum utan þéttbýlis með vaxandi umferð allan ársins hring. Þar er verk að vinna.



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra talar á samráðsfundi í Björgunarmiðstöðinni við Skógarhlíð á alþjóðaheilbrigðisdeginum 7. apríl. Myndina tók Guðmundur Karl Einarsson, Bindindisfélagi ökumanna.

Hugarfarsbreyting

Í umferðinni þarf hugarfarsbreytingu ökumanna. Skýrslan, sem hér er kynnt í dag, sýnir að flest alvarleg umferðarslys verða þegar ökumaður er að brjóta lög. Eru þá hraðakstur, ölvunarakstur og akstur án bílbelta algengustu brotin. Hugarfarsbreytingu þarf í umferðarmenningu okkar Íslendinga. Tillitsleysi ökufanta gagnvart samferðarmönnum sínum er með ólíkindum. Ökumenn skaða sjálfa sig með þessu háttalagi og þeir skaða saklausa vegfarendur sem aka á löglegum hraða og virða umferðarreglur. Það er hverjum manni ljóst að ef allir færu að umferðarlögunum og ækju eftir aðstæðum, þá væru alvarleg umferðarslys mun færri. Þessu ástandi, sem er í umferðinni, getum við breytt.

Aðgerðir á vegakerfinu

Aðgerðir á vegakerfinu eru hluti þess átaks sem vinna þarf skipulega að. Það er nauðsynlegt að halda áfram af enn meiri krafti en hingað til þegar kemur að fækkun einbreiðra brúa, ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess.

Bættar merkingar eru að sama skapi aðgerð sem hægt er að ráðast í hratt og örugglega. Þegar ég tala um bættar merkingar þá á ég til að mynda við leiðbeinandi hraðamerkingar á erfiðum vegaköflum, svo sem í kröppum beygjum og þar sem bundið slitlag endar og malarvegur tekur við. Það er öryggisaðgerð sem getur skilað miklum árangri fljótt og án mikils kostnaðar. Slys á erlendum ferðamönnum hafa verið allt of mörg í gegnum tíðina og bættar merkingar eru líklegar til að gagnast bæði innlendum sem erlendum ferðamönnum.

Lausaganga búfjár er alvarlegt vandamál víða um landið. Það er ætlun mín að tekið verði á því vandamáli. Það verður að ná samkomulagi við sveitarfélögin um að hverfa frá því fyrirkomulagi. Það vita allir sem hafa ferðast um landið að lausaganga búfjár, og ekki síst hrossa, skapar mikla hættu á vegum. Með samstilltu átaki Vegagerðar, Umferðarstofu og sveitarfélaga getum við breytt því ástandi.

Efling ökunáms

Efling ökunáms er mikilvægur þáttur í auknu umferðaröryggi. Ég tel nauðsynlegt að samgönguráðuneytið og menntamálaráðuneytið taki höndum saman um að veita umferðarfræðslu aukið vægi í námsskrá grunnskólanna, sérstaklega í eldri bekkjunum, en fyrirkomulag umferðarfræðslu í fyrstu bekkjum grunnskólans er með ágætum. Nái þetta fram að ganga verða unglingar mun betur settir þegar á framhaldsskólaaldurinn er komið og hið raunverulega ökunám hefst. Eigi að verða hugarfarsbreyting þarf að beina áróðrinum að unga fólkinu sem sem er að byrja feril sinn sem ökumenn.

Ég tel að mikil bót hafi orðið þegar æfingaaksturstímabili þeirra, sem eru að læra á bíl, var komið á en nú er kominn tími til að stíga næsta skref. Boða ég hér með þá breytingu að innan tíðar verði öllum þeim, sem fá ökuskráir í fyrsta sinn, gert að æfa sig á sérstaklega gerðum æfingasvæðum, svokölluðum ökugerðum. Þetta fyrirkomulag er við líði í mörgum löndum í kringum okkur og hefur gefið góða raun. Í ökugerðum sem þessum öðlast nemendur til dæmis skilning á hversu bjargarlausir þeir eru í hálfu ef ekið er hraðar en aðstæður leyfa. Umhverfi ökunámsins getum við breytt í samstarfi við ökukennara.

Rannsóknir

Ég tel nauðsynlegt að efla rannsóknir sem unnar eru á sviði umferðaröryggismála. Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur verið þröngur stakur sniðinn í gegnum tíðina og hefur það orðið til þess að rannsóknir hafa verið takmarkaðar við mjög

afmarkaðan fjölda slysa, það er eingöngu banaslys hafa verið rannsökuð.

Það er nauðsynlegt að efla þessar rannsóknir. Rannsóknir umferðarslysa eru í eðli sínu ólíkar rannsóknum sjó- og flugslysa að því leiti að fjöldi umferðarslysa er það mikill að um sívinnslu er að ræða. Sívinnslan miðast við að þeir sem að umferðaröryggismálum starfa geti tekið upplýstar og góðar ákvarðanir, enda er markmiðið það sama; Að koma í veg fyrir slys.

Eftirlit

Eftirlit lögreglu á vegum er þáttur í umferðaröryggi sem seint verður lögð of mikil áhersla á. Hámarkshraði á vegum er engin tilviljun. Hámarkshraðinn er sá hraði sem vegirnir eru hannaðir fyrir. Það eru sláandi tölur sem liggja fyrir um fjölda „afbrot“ í umferðinni. Það að 75% allra afbrota í landinu séu umferðarlagafbrot er auðvitað grafalvarlegt mál þegar litið er til þess að í meirihluta alvarlegra slysa þá er ökuumaðurinn að brjóta lög. Í flestum tilvikum með hraðakstri, í öðrum tilvikum með ölvunarakstri og svo mætti áfram telja. Ég endurtek því það sem ég sagði hér fyrir í tölu minni að ef ökumenn halda sig innan hámarkshraða og fylgja akstursreglunum verða alvarleg slys mun færri en nú er.

Hvað er til ráða gegn hraðakstursvandanum. Ég vil leggja áherslu á að hraðaeftirlit verði aukið og ein leiðin til þess er að fjölga hraðamyndavélum um landið. Danir hafa farið þessa leið og eru með 1.700 merktar myndavélapunkta á vegakerfi sínu. Reynsla þeirra er að stórlega hafi dregið úr hraða á þjóðvegakerfinu og um leið hafi náðst góður árangur í fækkun alvarlegra umferðarslysa. Bretar hafa einnig náð góðum árangri í því að draga úr hraðakstri. Sú leið sem þeir hafa farið á lengri vegaköflum er að taka mynd af bifreið við upphaf vegakafla og síðan aftur í lok þess sama vegakafla og reikna meðalhraða ökutækis.

Það þarf vart að fjölyrða um áhrif þessa fyrirkomulags á ökuhraða. Þetta er leið sem áhugavert er að skoða frekar sem

viðbót við staðbundnar hraðamyndavélar. Hraðakstur er vandamál sem við verðum að taka á í sameiningu því að mínu mati er það sjálfsagður réttur þeirra sem aka um vegi landsins að vera ekki lagðir í hættu vegna aksturslags þeirra sem brjóta af sér í umferðinni. Þessu getum við breytt.

Umferðaröryggisáætlun

Sem stjórnartæki og framkvæmdaáætlun í þessari vinnu mun ég leggja fram endurskoðaða umferðaröryggisáætlun sem verður á ábyrgð Umferðarstofu að fylgja eftir. Ný umferðaröryggisáætlun verður lögð fram með skýrum markmiðun, aðgerðir tímasettar, kostnaður áætlaður og ábyrgð verkefna verður skýr. Ábyrgð á jafn mikilvægum aðgerðum og þessum verður að vera skýr. Því getum við breytt.

Flókin stjórnsýsla

Ég stefni að því að einfalda stjórnsýslu umferðaröryggismála. Næstu mánuði verður unnið að endurskoðun laganna og að koma fram með nauðsynlegar laga og reglugerðabreytingar í haust.

Það fylgir því mikil ábyrgð að hafa tekið við þessum málaflokki sem umferðaröryggismálin eru. Sem samgönguráðherra, mun ég gera þær breytingar á skipulagi umferðaröryggismála sem taldar verða farsælar í ljósi nýrra aðstæðna. Verkefni okkar er að vinna gegn alvarlegum umferðarslysum. Það verður ekki gert með því að einblína á að fækka umferðarslysum um tiltekna prósentu, heldur verður það gert út frá þeirri hugsun að alvarleg umferðarslys séu óásættanleg. Það ber að vinna gegn þeim og koma í veg fyrir þau. Þetta er ekki keppni í tölfræði sem við tökum þátt í heldur áttak til að bjarga mannlífum. Til þess að ná árangri þarf þjóðaráttak. Við getum breytt þessu ástandi sem er í umferðinni og ógnar öllum vegfarendum.

Niðurstöður útboða

Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 04-014

Tilboð opnuð 11. maí 2004. Yfirlagnir með klæðingu á um 113 km og hjólfarafyllingu á um 27 km á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum árið 2004.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing 782.000 m²

Hjólfarafylling með klæðingu 43.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	61.253.225	101,7	17.872
---	Áætlaður verktakakostnaður	60.230.000	100,0	16.849
4	Borgarverk ehf., Borgarnesi	54.567.822	90,6	11.186
3	Slitlag ehf., Hellu	53.151.120	88,2	9.770
2	Ræktunarsamband Flóða og Skeiða ehf., Selfossi	44.787.614	74,4	1.406
1	Klæðning ehf., Kópavogi	43.381.388	72,0	0

Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005 04-013

Tilboð opnuð 11. maí 2004. Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra árin 2004 og 2005.

Helstu magntölur eru:

Lengd 220 km

Magn 60.000 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6	Blettur ehf., Sauðárkróki og Steingrímur Ingvarsson Litlu-Giljá	18.743.150	105,2	3.519
5	Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga	17.873.487	100,3	2.649
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.825.000	100,0	2.601
4	Vegamenn ehf., Reykjavík	16.417.145	92,1	1.193
3	Garðar Guðmundsson, Hvammstanga	16.092.008	90,3	868
2	Steyrustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	15.998.126	89,8	774
1	S.E. verktakar ehf., Sauðárkróki	15.224.179	85,4	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-050 Snæfellsnesvegur (54) um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	04
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	04
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	Fellt af lista
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-007 Þverárfjallsvegur (744), um Gönguskarðsá 2004-2005	04
03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging, 2. áfangi	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-049 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur - Lækjargata, eftirlit	17.05.04	08.06.04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	17.05.04	01.06.04
04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	17.05.04	01.06.04
04-041 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur - Lækjargata	10.05.04	01.06.04
04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir	10.05.04	25.05.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04	25.05.04
04-029 Mölburður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	10.05.04	25.05.04


Útboð sem hafa verið auglýst, framh. Auglýst: Opnað:

04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004	10.05.04	25.05.04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	03.05.04	18.05.04
04-047 Vetrarþjónusta, Djúpvegur: Súðavík - Látur 2004-2007	03.05.04	18.05.04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg	03.05.04	18.05.04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	03.05.04	18.05.04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005	03.05.04	18.05.04
04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	03.05.04	18.05.04
03-080 Hjáleih í Reyðarfirði, 2. áfangi	03.05.04	18.05.04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), um Hörgá	26.04.04	18.05.04

Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004	26.04.04	11.05.04
04-013 Mölburður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	26.04.04	11.05.04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	19.04.04	04.05.04
04-010 Efrbyggðarvegur (751), Álfgæisvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04	04.05.04
04-042 Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg	19.04.04	04.05.04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	19.04.04	04.05.04
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar og tenging að álvershöfn	19.04.04	04.05.04
04-038 Sláttur vegsvæða á Suðvestursvæði 2004-2005	05.04.04	20.04.04
04-040 Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007	05.04.04	20.04.04
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	05.04.04	20.04.04
04-019 Brekkuselsvegur (8009), Böggvisbraut - Brekkusel	05.04.04	20.04.04
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturluta Suðursvæðis 2004-2009	22.03.04	20.04.04
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04	06.04.04
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	15.03.04	30.03.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-036 Brú á Víðidalsá hjá Kogugili, sandblástur og málun Stjómublástur ehf.	20.04.04	07.05.04



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 10. maí 2004. Samtals er búið að sprengja 4.233 m sem gerir 74,3%